



## Hempinol tjara

Vörunr. 1022

### Lýsing

Hempinol tjara (1022) er bitmenjumálning sem myndar mjög þykka en þó teygjanlega filmu sem veitir góða vörn gegn vatni og ryðmyndun. Málningin er eðlisfræðilega þornandi.

### Notkun

Hempinol tjara (1022) er ætluð til notkunar á fleti þar sem þörf er á góðri vatns- og ryðvörn, en áníðsla er ekki mikil. Þar mætti t.d. nefna niðurgrafna tanka og leiðslur, undirvagna bifreiða, kolageymslur, keðjukassa, flotdökkir, á bak við klæðningar o.fl. staði. Tjaran hentar einnig á sökkla húsa og við sem fara á í jörðu.

### Tæknilegar upplýsingar

<b>Litir:</b> Svart	<b>Þynnir:</b> Þynnir nr. 0808
<b>Gljástig:</b> Matt	<b>Áhaldahreinsir:</b> Þynnir nr. 0808
<b>Pakkningar:</b> 5 og 20 lítra	<b>Þurrktími:</b> 16 klst
<b>Efnisnotkun:</b> 3,2 m <sup>2</sup> /l - 175 µm þurrfilma	<b>Yfirmálun:</b> Lágmark: Þegar þurr - 16 klst
<b>Eðlisþyngd:</b> 1,1 kg/l	Hámark: Ekkert
<b>Þurrefni:</b> 56 % (rúmmál)	

### Undirmálun

Ekki þarf að grunna undir bitmenjuna.

### Áhöld

Pensill eða sprauta. Tjöruna skal yfirleitt ekki þynna. Við penslun og loftlausa sprautun má þynna allt að 5 %, en að hámarki 15 % ef sprautað er með loftsprautu. Hreinsið áhöld með þynni nr. 0808 strax að lokinni notkun. Notið loftlausa sprautu með sprautuspíss 0.021"-0.025" og þrýsting 200 bör.

## Vinnutilhögun

### Nýmálun

**Stál:** Ryk, sölt, fita og önnur óhreinindi skulu fjarlægð með Hempel olíuhreinsi (9933). Sandblástur í Sa 2 eða handhreinsun í St 3. Notið viðeigandi smíðagrunn ef þörf krefur. Skemmdir á smíðagrunni skulu lagfærðar með **Hempinol tjöru** (1022). Flöturinn skal vera hreinn og þurr fyrir málun. Grunnið með tjörunni.

### Endurmálun


Fjarlægið olíu og fitu með olíuhreinsum. Skolið og fjarlægið sölt og önnur óhreinindi með ferskvatni (háþrýstipvotti). Fjarlægið ryð, lausa málningu og þess háttar með sandblæstri eða handverkfærum. Notið síðan **Hempinol tjöru** (1022) til viðhalds og viðgerða.

### Athugasemdir

- Málningin er viðurkennd samkvæmt SOLAS-samningnum sem logatefjandi efni.
- Menjan þolir illa sólskin og mikla áníðslu.

### Varúðarmerkingar

Nauðsynlegt er að lesa og fara eftir notkunar- og öryggisleiðbeiningum. Ávallt skal varast innöndun lífrænna leysiefna og málningarúða. Mjög áriðandi er að hafa góða loftræstingu við meðhöndlun málninga sem þynntar eru með lífrænum leysiefnum. Þegar málningu er sprautað skal nota andlitsgrímur og nauðsynlegan hlífðarfatnað.



Inniheldur terpentínu.

Hættulegt við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku. Varist innöndun gufu/úða. Má aðeins nota á vel loftræstum stað.

Geymist þar sem börn ná ekki til.